

Myndlistarráð

Fundur nr. 22/2024

Miðvikudaginn 21. ágúst, kl. 15:00
Gimli, Lækjargata 3

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM).
Fundargerð ritar Tinna Guðmundsdóttir.

Fundargerð:

- Fundargerð síðasta fundar.
 - Fundargerð frá 10. júní 2024 samþykkt.
- Myndlistarsjóður, haustúthlutun 2024
 - Tinna greinir frá því að umsóknarferlið gekk vel. Í aðdraganda umsóknarfrests bauð Tinna upp á fjarvinnustofur sem var ágætis mæting á, fjarvinnustofa fyrir enskumælandi var mjög vel sótt.
 - Umsóknarkerfið stóð undir álaginu og alls bárust 187 umsóknir í haustúthlutun 2024. Sjá töflu fyrir skiptingu á milli flokka og heildarupphæðir sem sótt var um.

| F. umsókna | Flokkar | Samtals sótt um | % |
|------------|---------------------------------------|--------------------|-------------|
| 30 | Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir | 36.700.000 | 18% |
| 38 | Undirbúningsstyrkir | 48.800.000 | 24% |
| 121 | Sýningarverkefni | 118.400.000 | 58% |
| 187 | | 203.900.000 | 100% |

- Tinna greinir frá því að mögulegt sé að úthluta örlítið meira en áætlað var því að tveir eldri styrkir sem hafa fyrnst færast yfir á haustúthlutun 2024. Myndlistarráð samþykkir að skipta fjármagni á eftirfarandi máta:
 - Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir 5.000.000 kr.
 - Undirbúningsstyrkir 7.000.000 kr.
 - Sýningarverkefni 21.300.000 kr.
 - Ákveðið að tveir meðlimir myndlistarráðs muni sitja í hvorri matsnefnd.
 - Anna Jóhannsdóttir og Hlynur Helgason sitja í matsnefnd fyrir undirbúningsstyrki og útgáfu-, rannsóknar og aðra styrki.
 - Margrét Elísabet og Katrín Elvarsdóttir munu sitja í matsnefnd fyrir sýningarverkefni.
 - Rætt um gesti í matsnefnd. Tinna mun hafa samband við mögulega meðlimi og upplýsa myndlistarráð um niðurstöðu.
 - Ákveðið að matsnefndir muni klára yfirferð föstudaginn 20. september og niðurstöður kynntar myndlistarráði á fundi mánudaginn 23. september.
 - Úthlutunarafhöfn 26. september. Rætt um fyrirkomulag á athöfninni, kostnað og mögulegar útfærslur. Tinna mun halda áfram að þróa og upplýsa myndlistarráð.
- Samstarfssamningar
 - Rætt um útfærslu á samstarfssamningi við Sequences myndlistarhátíð.

- Ákveðið að styrkja hátíðina um þrjár milljónir á ársgrundvelli til 2027. Á þessu ári hefur hátíðin nú þegar hlotið undirbúningsstyrk að upphæð 1.800.000 kr í fyrri úthlutun 2024 og reiknast það með í samstarfssamningum. Styrknum er ætlað að efla frumkvæði í myndlist á Íslandi og má ráðstafa í bæði framleiðslu á verkum og umsýslu.
 - Setja þarf fyrirvara í samninginum um að myndlistarsjóður lækki ekki verulega á samningstímabilinu. Skilyrði að Sequences myndlistarhátíð skili skýrslu og uppgjöri eftir hverja hátíð.
4. Innsend erindi
 - Erindi frá Steingrími Eyfjörð myndlistarmanni tekið fyrir og rætt.
 5. Önnur mál
 - Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 16:45

Næsti fundur myndlistarráðs verður 23. september.